

Safalinn ehf.  
Þorvaldur Ólafsson  
Dugguvogi 3  
104 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 07.12.2010  
Tilv. 2010/0750 - 5.6.04  
KG

### **Efni: Sölubann - hjálmar**

Neytendastofu barst ábending um rangar merkingar á hlífðarhjálum sem seldir eru undir vörumerki Latabæjar.

Við athugun Neytendastofu á hlífðarhjálum og umbúðum þeirra sem Safalinn ehf. hefur markaðssett kom í ljós að hlífðarhjálarnir uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru til þeirra skv. gildandi lögum nr. 134/1995, reglugerð nr. 635/1999 og staðli ÍST EN 1078 - Hjálmar fyrir hjólreiðafólk og notendur hjólabretta og hjólaskauta.

Um er að ræða eftirfarandi atriði:

1. Samkvæmt gögnum málsins er yfirlýsing um innlenda vottun hlífðarhjálmannanna ósönn.
2. Notkun firmamerkja þriggja lögaðila á umbúðum hlífðarhjálmannanna er í leyfisleysi og sem gefur í skyn að þeir séu vottaðir af þeim aðilum.
3. Aðvörunarorð og upplýsingar um ætluð not og myndmál á umbúðum eru villandi þannig að ætla má að hlífðarhjálarnir séu nothæfir á skíðum.
4. Aldursmerkingar utan á umbúðum virðast vísa til yngri barna en framleiðslan er gerð fyrir sbr. aldursmerkingu 2-9 ára.
5. Misræmi er milli stærðarmerkingar frá framleiðanda inni í hlífðarhjálmunum (54-58 cm) og á umbúðum (49—57 cm) að því er virðist í því skyni að láta hlífðarhjálmana höfða til yngri markhóps neytenda.
6. Viðvörunarorð um að hlífðarhjálmana megi ekki nota við ákveðnar aðstæður s.s. klifur er ekki að finna á umbúðunum.
7. Númer viðeigandi staðals vantar á umbúðirnar.
8. Leiðbeiningar á íslensku sem fylgja hlífðarhjálmunum eru ófullnægjandi.

Í 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu segir:

*„Framleiðendur mega einungis markaðssetja örugga vöru.“*

Sem að framan greinir uppfylla hlífðarhjálarnir ekki skilyrði laga nr. 134/1995 um öryggi vöru, sbr. einkum 9. gr. laganna svo og ekki ákvæði í reglugerð nr. 635/1999, um persónuhlífar til einkanota. Auk þess er í lögnum að finna ítarleg og nánari ákvæði sem

gilda um markaðssetningu á öruggum vörum.

Með bréfi Neytendastofu til Latabæjar ehf., dags. 10. september 2010, var óskað eftir skýringum á framangreindum atriðum og samræmisyfirlýsingu og öðrum viðeigandi tækniskjölum.

Neytendastofu barst svar frá Safalanum ehf., dags. 15. september 2010, þar sem fram kom að Safalinn sæi um framkvæmd og ábyrgð á þeim atriðum sem snúa að málum hlífðarhjálmanna. Í bréfinu kemur fram að fyrirtækið hafi tekið hlífðarhjálmanna úr sölu um leið og athugasemdir komu fram.

Samkvæmt upplýsingum Neytendastofu eru hlífðarhjálmarnir þó enn til sölu í upprunalegum umbúðum í verslun Hagkaups í Smáralind.

Þar sem hlífðarhjálmarnir uppfylla ekki formleg skilyrði til markaðssetningar er ekki heimilt að selja þá hér á landi.

**Neytendastofa leggur hér með sölubann á viðkomandi hlífðarhjálm, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, sem tekur gildi frá móttökudegi þessa bréfs. Fjarlægja ber öll óseld eintök hlífðarhjálmanna af markaði.**

Neytendastofa bendir á að samkvæmt 25. gr. laga nr. 134/1995, getur það varðað dagsektum allt að 50 þús. kr. á dag ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.

Vakin er athygli á málskotsheimild til áfrýjunarnefndar neytendamála skv. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005. Skrifleg rökstudd kæra skal berast til áfrýjunarnefndar neytendamála, pósthólfi 8852, 128 Reykjavík, innan fjögurra vikna frá móttöku þessa bréfs. Auk þessa skal rafrænt afrit af undirritaðri kæru berist nefndinni á netfangið [afryjunneyt@simnet.is](mailto:afryjunneyt@simnet.is).

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu

Kári Gunndórsson